

Alþingi
b.t. umhverfis- og samsöngunefndar
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. maí 2022
Tilv.: 2203017

Efni: Frumvarp til fjarskiptalaga, 461. mál – umsögn Samkeppniseftirlitsins

1. Samkeppniseftirlitið hefur haft til umsagnar frumvarp til fjarskiptalaga, þingskjal 666 - 461. mál, lagt fram á yfirstandandi 152. löggjafarþingi 2021-2022, en málið er endurflutt og hefur sambærilegt frumvarp til nýrra fjarskiptalaga verið lagt fram á síðustu löggjafarþingum til innleiðingar á tilskipun tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1972 frá 11. desember 2018 um setningu evrópskra reglna um fjarskipti (*European Electronic Communications Code*, „Kóðinn“).
2. Samkeppniseftirlitið vísar til fyrri umsagna sinna, dags. 11. júní 2020 og 13. apríl 2022 sem sendar hafa verið nefndasviði og áréttað þau sjónarmið sem þar er að finna.
3. Samkeppniseftirlitinu barst tölvupóstur frá nefndarsviði Alþingis þann 29. apríl 2022 þar sem vísað var til beiðni umhverfis- og samgöngunefndar um að eftirlitið tæki sérstaklega saman upplýsingar fyrir nefndina um binditíma fjarskiptaþjónustu með hliðsjón af samkeppnissjónarmiðum. Óskað var eftir að í umsögninni kæmi fram sjónarmið um lengingu á hámarki binditíma úr sex mánuðum í tólf mánuði, sbr. 72. gr. frumvarpsins. Einnig var beiðt um sjónarmið varðandi vöndlun þjónustubátta fjarskiptafyrirtækja. Umbeðnar upplýsingar og frekari umsögn fer hér á eftir.
4. Í upphafi er rétt að geta þess að öll helstu fjarskiptafyrirtæki hér á landi eru sambætt og bjóða almennt bæði upp á fjarskiptaþjónustu og sjónvarpsþjónustu. Á þetta við um Símann hf., Sýn hf., Nova ehf. og Hringdu ehf. Að meginstefnu bjóða þessi fyrirtæki þjónustu í vöndlum fjarskipta- og sjónvarpsþjónustu, eða fastlínubjónustu og farsímaþjónustu, gegn lægra heildarverði þegar áskriftarleiðir eða þjónustubættir eru keyptir saman heldur en þegar þeir eru keyptir stakir.
5. Ekkert eitt algilt hugtak er um vöndlun í samkeppnisrétti en í ljósi þróunar markaðsaðstæðna og vara undanfarin ár má almennt segja að með vöndlum eða pakkaþilboðum á fjarskiptamarkaði sé vanalega átt við fjölbátta afsláttartilboð (e. multi-product rebates) sem felur ýmist í sér tvíleik, þríleik eða fjórleik (fjöldi þjónustutegunda, e. duo-play, triple-play og quad-play bundles) er samanstanda af ólíkum fjarskiptaþjónustum (talsími, internet, farsími sem dæmi) og í einhverjum tilvikum sjónvarpsþjónustu og áskriftarsjónvarp til viðbótar (IPTV sjónvarpsdreifing og myndefni), sem standa neytendum til boða á lægra verði í pakka en ef þjónusturnar væru keyptar stakar samkvæmt verðskrá.
6. Pakkaþilboð og vöndlar njóta verulegra vinsælda hérlandis. Samkvæmt könnun sem Fjarskiptastofa lét framkvæma árið 2020 vegna markaðsgreiningar á heimitauga- og



bitastraumsmarkaði, sögðu 71% svarenda að þeir keyptu internetþjónustu heimilisins í pakka með annarri þjónustu (t.d. heimasíma, farsíma, sjónvarpsáskrift o.fl.). Samkeppniseftirlitið hefur þó ekki enn formlega skilgreint sjálfstæðan vörumarkað fyrir vöndla þó þess séu dæmi erlendis, það er hvort staðganga sé enn milli þess að kaupa pakkatilboð eða margar þjónustur stakar.

7. Almennt má segja að pakkatilboð og vöndlun sem ráðstöfun sé eðlileg og skiljanleg, og kann slík þróun á fjarskipta- og sjónvarpsmörkuðum einnig að vera til hagsbóta fyrir neytendur sem geta þá keypt alla nauðsynlega þjónustu á þessu sviði saman á betri kjörum í stað þess að kaupa hana staka. Hins vegar getur þessi þróun leitt til styrkingar á stöðu stærri fyrirtækja á þessum sviðum og skapað um leið hindranir fyrir minni keppinauta að bjóða sína þjónustu sem í mörgum tilvikum felur ekki í sér sömu breidd og stærri fyrirtækjanna.
8. Þá kann umfangsmikil vöndlun og aukið aðdráttarafl pakkatilboða ólíkrar fjarskiptaþjónustu eða fjarskipta- og sjónvarpsþjónustu að fækka valkostum neytenda sem sjá hag sínum aðeins borgið með því að stunda öll sín innkaup á þessu sviði hjá einum og sama þjónustuaðilanum.
9. Vegna beiðni nefndarinnar og þeirra sjónarmiða sem Samkeppniseftirlitið setur fram er mikilvægt að greina frá nýlegum og yfirstandandi rannsóknum eftirlitsins á fjarskiptamarkaði sem tengjast vöndlum á sviði fjarskipta- og sjónvarpsþjónustu en mál þessi varða m.a. brot Símans hf. á sáttum sem það fyrirtæki hefur gert við Samkeppniseftirlitið.

Brot Símans á sáttum við Samkeppniseftirlitið

10. Síminn hf. (hér eftir Síminn) hefur auk fjarskiptaþjónustu boðið upp á sjónvarpsþjónustu allt frá árinu 2005 þegar fyrirtækið yfirtók Íslenska sjónvarpsfélagið sem rak Skjá einn. Fjallað var um samrunann í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 10/2005 og tiltekin skilyrði sett fyrir yfirtökunni. Ákvörðunin var endurskoðuð að beiðni Símans árið 2015 og tilteknum skilyrðum breytt og ný ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 20/2015 tekin. Jafnframt gekkst Síminn undir ítarleg skilyrði með sátt við Samkeppniseftirlitið um skipulag Símasamstæðunnar og aðskilnað frá Mílu, sbr. ákvörðun eftirlitsins nr. 6/2015 og áður nr. 6/2013.
11. Sama ár hóf Síminn að bjóða Heimilispakkann sem er víðtækur vöndull fjarskipta- og sjónvarpsþjónustu og felur í sér sjónvarpsþjónustu (þ.m.t. Sjónvarp Símans Premium sem er m.a. víðtæk efnisveita, Símann Sport (sem er sérstök sjónvarpsrás sem innifelur Enska boltann og erlendar sjónvarpsstöðvar), Internettengingu, heimasíma o.fl. Einnig felur Heimilispakkinn í sér aukið gagnamagn í farsímaáskriftum (tífaldað) miðað við það sem er boðið ef samsvarandi farsímaáskrift er keypt stök utan vöndulsins.
12. Síminn hefur orðið uppvís að brotum á skilyrðum sáttanna við Samkeppniseftirlitið vegna vöndla og pakkatilboða sem m.a. hefur verið jafnað við skaðlega og ólögmæta samvinnun ólíkra vara. Þannig varð Síminn uppvís að broti á 3. gr. í áðurnefndri sátt og ákvörðun nr. 20/2015 og einnig áður vegna brots á samsvarandi ákvæði í 5. tl. eldri ákvörðunarinnar nr. 10/2005.¹ Í maí 2020 tók Samkeppniseftirlitið ákvörðun nr. 25/2020 um brot Símans á skilyrðum í tveimur sáttum við eftirlitið vegna sölu fyrirtækisins á Símanum Sport í Heimilispakkanum. Síminn hafði stuttu áður sett sjónvarpsrásina á fót er félagið hnepti sýningarrétt að ensku úrvalsdeildinni sem er dýrt og eftirsóknarvert myndefni hérlendis og víða annars staðar. Háttsemi Símans fólst í því að gera Símann Sport hluta af Heimilispakkanum, hækka verð þeirrar vöru um 1.000 kr. (úr 14.000 í

¹ Eldra málið varðaði hegðun Símans á markaði fyrir ADSL-tengingar og Internetþjónustu sem fólst í samvinnun fyrirtækisins á ADSL-tengingum og sjónvarpsefni forvera Sjónvarps Símans sem var Skjárinn (Íslenska sjónvarpsfélagið hf.) í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 41/2009, var komist að þeirri niðurstöðu að Síminn hefði, m.a. brotið gegn umræddum 5. tl. ákvörðunar nr. 10/2005. Var sú niðurstaða síðar staðfest í dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 218/2012 og Símanum gert að greiða stjórnvaldssekt vegna brotsins.



15.000 kr.) en selja sjónvarpsrásina á margfalt hærra verði í stakri áskrift eða á 4.500 kr. Með framangreindum hætti fengu tugþúsundir áskrifenda Heimilispakkans sjálfkrafa aðgang að Símanum Sport í kjölfar hóflegar hækkunar, og nýtti félagið aðstöðu sína á einu sviði til þess að styrkja sig á öðru. Þá sýndi fjölgun áskrifenda að neytendur með sérstakan áhuga á þessu nýja efni hefðu séð hag sinn í því að kaupa margvíslega þjónustubætti alla saman í Heimilispakkanum, fremur en að kaupa aðgang að sjónvarpsrásinni sérstaklega.

13. Jafnframt vanrækti Síminn að mati eftirlitsins það að tryggja að ólíkir þjónustubættir innan pakkans væru nægjanlega aðgreindir og óháðir hver öðrum, en það var raunin, sér í lagi með tilkomu Símans Sport í Heimilispakkann. Að mati Samkeppniseftirlitsins fól háttsemi Símans í sér brot á 3. gr. sáttar í ákvörðun nr. 20/2015 um bann við samvinnun og 19. gr. og 20. gr. sáttar í ákvörðun nr. 6/2015 um aðgreiningu þjónustubátta félagsins. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti í máli nr. 1/2020 framangreint brot Símans á banni við samvinnun í 3. gr. sáttar í ákvörðun eftirlitsins nr. 20/2015, en vísaði þeim hluta ákvörðunarinnar er varðaði brot Símans á 19. og 20. gr. ákvörðunar nr. 6/2015, aftur til eftirlitsins til nýrrar efnismeðferðar.
14. Málið er nú til meðferðar fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur þar sem Síminn krefst þess að hluti úrskurðarins og stjórnvaldssekt verði felld niður, en Samkeppniseftirlitið hefur með gagnkvæmum hætti höfðað mál til ógildingar á úrskurðinum að því leyti sem ekki var fallist á ákvörðun eftirlitsins og stjórnvaldssektin lækkuð. Í málinu krefst Samkeppniseftirlitið þess Síminn greiði 500 m.kr. í sekt eins og kveðið var á um í ákvörðun eftirlitsins.

Rannsókn Samkeppniseftirlitsins á Heimilispakkanum

15. Samkeppniseftirlitið hefur núna til rannsóknar kvartanir keppinauta Símans (einkum Nova) vegna Heimilispakka fyrirtækisins. Hefur athuginin aðallega beinst að frítalboðum sem fylgja vöndlinum sem fela í sér að allt að tveir mánuðir eru boðnir fríir fyrir nýja áskrifendur. Byggir Nova á því að tilboðin feli í sér ólögmetta undirverðlagningu (verðlagningu undir kostnað) og/eða sértæka verðlækkun, þ.e. verðlækkun (jafnvel yfir kostnaði) sem beinist sérstaklega gegn viðskiptavinum Nova eða annarra minni keppinauta.
16. Samkeppniseftirlitið hóf formlega rannsókn á Heimilispakkanum í október 2020 og er tilefnið ekki síst sterk staða Símans á fjarskiptamörkuðum (sbr. mörg eldri forðæmi samkeppnisyfirvalda)² og einnig hefur fyrirtækið verið að styrkja verulega stöðu sína á sjónvarpsmörkuðum. Aflað hefur verið umfangsmikilla gagna um tekju- og kostnaðarforsendur Heimilispakkans til að meta hvort verðlagningin kunni mögulega að fara gegn 11. gr. samkeppnislaga sem bannar misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Einnig getur komið til skoðunar hvort háttsemi Símans feli í sér samvinnun viðskipta sem getur einnig farið gegn sama ákvæði. Þá getur háttsemi Símans einnig falið í sér brot á ákvæðum í umræddum sáttum sem Síminn hefur gert við Samkeppniseftirlitið og fjallað er um í ákvörðunum þess nr. 6/2015 og 20/2015.
17. Einn liður í athugin eftirlitsins á Heimilispakkanum er sérstök skoðun á því hvort fyrir hendi sé sérstakur markaður fyrir vöndla fjarskipta- og sjónvarpsþjónustu. Aflað hefur verið gagna frá fjarskiptafyrirtækjum til að meta það m.a. út frá skiptitíðni viðskiptavina á milli vöndla annars vegar og stakra þjónustubátta hins vegar. Gagnaöflun stendur ennþá yfir og úrvinnslu er ekki lokið. Niðurstaða um hvort slíkur samkeppnismarkaður sé til staðar liggur því ekki fyrir en ef svo

² Sjá m.a. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 30/2011 í sk. 3G máli og úrskurð áfrýjunarnefndar í máli nr. 10/2011. Einnig ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 7/2012 um ólögmetan verðþrýsting Símans og úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 1/2012. Þá er í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 42/2017 þar sem fjallað var um samruna Vodafone og 365 (og Sýn varð til) lýst sterkri stöðu Símans á mörgum sviðum fjarskiptaþjónustu.



væri er ljóst að Síminn hefði þar mikla yfirburði enda Heimilispakkinn mest útbreiddi vöndull fjarskipta- og sjónvarpsþjónustu. Markaðshlutdeild Símans á slíkum markaði væri það há að hún myndi ásamt öðrum atriðum (m.a. fjárhagsstöðu og aðgangshindrunum) væntanlega veita skýrar vísbendingar um markaðsráðandi stöðu Símans.

Aðrar kvartanir og stjórnsýslumál er varða vöndla

18. Keppinautar á fjarskiptamarkaði hafa kvartað yfir verðlagningu og markaðsfærslu á nýlegum Fjölskyldupakka Vodafone. Samkeppniseftirlitið hefur erindin til skoðunar en ákvörðun um framhaldið hefur ekki verið tekin og tafist vegna anna í öðrum málum, og hefur félagið ekki verið tekið til formlegrar rannsóknar vegna pakkatilboðsins. Sýn hf. (Vodafone) er meðal annars bundið af skilyrðum í sátt við Samkeppniseftirlitið, sbr. ákvörðun nr. 42/2017, sem var afrakstur rannsóknar á samruna Fjarskipta hf. og 365 miðla hf.

Um binditíma samninga í samkeppnisrétti

19. Í beiðni um umsögn er sem fyrr segir óskað sérstaklega eftir sjónarmiðum um lengingu á hámarki binditíma úr sex mánuðum í tólf mánuði, sbr. 72. gr. frumvarpsins. Í skýringum við greinina segir nánar að ákvæði 1.–3. mgr. séu að grunni til samhljóða 2.–3. mgr. 37. gr. gildandi fjarskiptalaga. Tilgangur ákvæðisins er að tryggja að skilmálar og verklag fjarskiptafyrirtækja við uppsögn samninga hindri ekki flutning neytenda milli fjarskiptafyrirtækja og þar með virka samkeppni á markaði. Vísað er til ákvæðis 105. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972 sem kveði á um að óheimilt sé að kveða á um lengri binditíma neytenda en 24 mánuði en það sé hins vegar heimilt að viðhalda styttri hámarksbinditíma. Með ákvæðinu er leitast við að tryggja réttarvernd fyrir neytendur. Þá er vísað til þess að í 2. mgr. 37. gr. gildandi fjarskiptalaga sé kveðið á um sex mánaða hámarksbinditíma og að það ákvæði hafi verið í fjarskiptalögum frá árinu 2007, sbr. 4. gr. laga nr. 39/2007, um breytingu á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003. Aukin réttarvernd til neytenda sé á meðal helstu markmiða tilskipunarinnar. Þá segir einnig að með hliðsjón af breyttum samkeppnisaðstæðum sé lagt til að hámarks binditími verði lengdur í tólf mánuði. Segir ennfremur að aukið svigrúm í þessum efnum geti orðið neytendum í hag með tilliti til vöru-/þjónustuframboðs og verðlagningar.
20. Vegna þessa vill Samkeppniseftirlitið benda á að hvað varðar bindingu í lóðréttum samningum á milli fyrirtækja (þ.e. fyrirtækja sem starfa á sitthvoru framleiðslu- og/eða sölustigi vöru og þjónustu) og einnig á milli sölufyrirtækja og neytenda skiptir staða þeirra fyrirtækja sem eiga í hlut á þeim mörkuðum sem þau starfa á miklu máli.
21. Ef fyrirtæki sem eru markaðsráðandi gera t.a.m. einkakaupasamninga (almennt 80% binding eða meira) við viðskiptavinum sína getur það falið í sér misnotkun á markaðsráðandi stöðu ef fyrirtækið getur ekki sýnt fram á hlutlægar réttlætningarástæður fyrir honum. Í þessu felst að undir vissum kringumstæðum geta markaðsráðandi fyrirtæki réttlætt aðgerðir sem ella myndu fara gegn 11. gr. samkeppnislaga, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 3/2008, *Hf. Eimskipafélag Íslands gegn Samkeppniseftirlitinu*. Sönnunarbyrði um slíkar hlutlægar réttlætningarástæður hvílir á viðkomandi fyrirtæki.³ Rétt er að taka fram að

³ Sjá t.d. dóm undirréttar ESB í máli nr. 201/04 Microsoft v Commission [2007] ECR-3601: „The Court notes, as a preliminary point, that although the burden of proof of the existence of the circumstances that constitute an infringement of Article 82 EC is borne by the Commission, it is for the dominant undertaking concerned, and not for the Commission, before the end of the administrative procedure, to raise any plea of objective justification and to support it with arguments and evidence. It then falls to the Commission, where it proposes to make a finding of an abuse of a dominant position, to show that the arguments and evidence relied on by the undertaking cannot prevail and, accordingly, that the justification put forward cannot be accepted.“



einkakaupasamningar sem Eimskip gerði við viðskiptavini sína til eins árs voru taldir ólögmætir í umræddu máli.

22. Þá var fjallað um bindingu í samningum Securitas við viðskiptavini sína í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 45/2017 þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að binding viðskiptavina Securitas í 36 mánuði fæli í sér misnotkun á markaðsráðandi stöðu þess fyrirtækis. Samningarnir væru til þess fallnir að raska samkeppni auk þess sem kaupaukar með viðskiptum voru taldir skapa tryggðaráhrif. Í málinu var það hins vegar niðurstaða að óendurkræfur stofnkostnaður Securitas leiddi til þess að unnt væri að réttlæta binditíma sem væri um 17-19 mánuðir.
23. Samkeppniseftirlitið vísar einnig til þess að fjallað er með ítarlegum hætti um viðmið sem gilda um skaðleg samkeppnisleg áhrif bindingar í lóðréttum samningum á milli fyrirtækja í nýjum leiðbeiningum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um mat á lóðréttum samningum *Guidelines on vertical restraints* sem voru birtar fyrir í þessum mánuði eða 10. maí sl.⁴
24. Í leiðbeiningunum er m.a. að finna greiningu á lóðréttum hömlum sem raskað geta samkeppni. Er t.d. fjallað um „*single branding*“, þ.e. fyrirkomulag þar sem það er gert að skilyrði eða jafngildi þess að kaupandi eigi aðeins viðskipti við einn birgja.⁵ Er þetta svipað form viðskipta og einkakaup og gæti fallið undir bindisamninga. Tekið er fram í reglunum að ef hvorugur viðsemjenda, birgir eða smásali, sé með hærri en 30% hlutdeild og binditíminn ekki lengri en fimm ár sé ekki ástæða til að óttast skaðleg samkeppnisleg áhrif. Í leiðbeiningunum kemur fram að það sé markaðshlutdeild birgjans sem hafi mesta þýðingu við mat á skaðlegum áhrifum. Segir að eftir því sem hærra hlutfall markaðshlutdeildar falli undir bindisamninga (sk. bundin markaðshlutdeild „*tied market share*“) og þeim mun lengri sem samningarnir séu því meiri séu útilokunaráhrifin. Þá segir að bindisamningar séu líklegri til að hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif þegar þeir séu gerðir af markaðsráðandi fyrirtækjum. Þá er í leiðbeiningunum vísað til þess að það geti haft skaðleg áhrif á samkeppni jafnvel þótt hin bundna markaðshlutdeild markaðsráðandi fyrirtækis sé tiltölulega lág.⁶

Samandregið mat Samkeppniseftirlitsins

25. Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir málum sem varða háttsemi Símans, bæði yfirstandi rannsókn Samkeppniseftirlitsins á Heimilispakkanum sem er vöndull fjarskipta- og sjónvarpsþjónustu og einnig brotum fyrirtækisins á skilyrðum í sáttum sem fyrirtækið hefur gert við eftirlitið og fjallað hefur verið um í ákvörðunum þess og úrskurðum áfrýjunarnefndar og dómum dómstóla. Þessi mál sýna að Síminn hefur sterka stöðu á fjarskipta- og sjónvarpsmörkuðum hér á landi og til skoðunar er staða fyrirtækisins á mögulegum vöndlamarkaði sérstaklega.
26. Þá hefur hér að framan einnig verið gerð grein fyrir því að þegar fyrirtæki sem eru í sterkri stöðu á þeim mörkuðum sem þau starfa á og jafnvel markaðsráðandi geta ákvæði um binditíma sem ekki styðjast við málefnalegar réttlætningarástæður falið í sér röskun á samkeppni og jafnvel brot á ákvæðum samkeppnislaga, t.a.m. misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Því lengri sem

⁴ Sjá nánar heimasíðu Samkeppnisdeildar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins: https://ec.europa.eu/competition-policy/system/files/2022-05/20220510_guidelines_vertical_restraints_art101_TFEU_.pdf

⁵ Fjallað er um „*single branding*“ í kafla 8.2.1. í leiðbeiningunum, mgr. 298-320.

⁶ Sjá mgr. 309 í leiðbeiningunum: „*For a dominant undertaking, even a modest tied market share may lead to significant anti-competitive effects.*“



samningarnir eru og hærri hlutdeild á markaðnum sem er bundin vegna einkakaupa og sterkari staða fyrirtækjanna þeim mun líklegra er að samningarnir hafi skaðleg samkeppnisleg áhrif.

27. Samkeppniseftirlitið leggst því gegn því að svo stöddu að umræddu ákvæði í frumvarpsdrögum sem felur í sér þá breytingu að hámarksbinditími sé aukinn úr sex mánuðum í tólf mánuði. Ekki kemur fram neitt í frumvarpsdrögum eða skýringum við því sem felur í sér réttlætingu fyrir þessum aukna binditíma, t.a.m. út frá stofnkostnaði. Þá er ekki að öðru leyti sýnt fram á þörf fyrir að gera umræddar breytingar. Vísað er m.a. til aukinnar réttarverndar neytenda og breyttra samkeppnisaðstæðna til stuðnings breytingunum en óljóst er að mati Samkeppniseftirlitsins hvað átt er við.
28. Þá er fjallað um að aukið svigrúm í þessum efnum geti orðið neytendum til hagsbóta til vöru- og þjónustuframboðs og verðlagningar. Að mati Samkeppniseftirlitsins er hins vegar örðugt að skilja hvernig ráðstöfun sem felur í sér að neytendur kunna að vera bundnir í viðskiptum við eitt fyrirtæki (jafnvel markaðsráðandi) til lengri tíma og þar sem svigrúm til að snúa sér til annarra keppnauta (nýrra eða núverandi) er gert minna geti verið hagfellt fyrir þá. Þessi atriði hafa ekki verið rökstudd og hvaða breyting á markaðsaðstæðum geri það að verkum að réttlætanlegt sé að hækka umræddan binditíma.
29. Loks má benda á að eftir því sem Samkeppniseftirlitið kemst næst, er staðan þannig á fjarskiptamarkaði, að fyrirtæki nýta nú þegar almennt ekki heimild sína til að gera samninga með sex mánaða binditíma. Þess vegna vakna einnig spurningar hvers vegna raunverulega sé þörf á að gera umræddar breytingar um tvöföldun á núverandi binditíma.
30. Stuttur eða enginn binditími á fjarskiptamarkaði samkvæmt viðskiptavenju og núverandi fjarskiptalögum hefur þegar leitt til virkrar verðsamkeppni í fjarskiptaþjónustu og án þess að skerða möguleika og réttindi neytenda til þess að flytja sig milli keppnauta með litlum fyrirvara.

Virðingarfyllt,
Samkeppniseftirlitið

Steingrímur Ægisson